

# Þorlákssetur

Félagsheimili Félags eldri borgara í Hveragerði

Fyrstu árin bjó félagið við sífellt húsnæðisleysi. Sagan segir að helsta eign þess hafi verið koffort sem Brynhildur Jónsdóttir (Binna) gaf og var borið á milli hinna ýmsu staða þar sem húskaskjól fékkst til að halda fundi.

Eftir að arfleifð Þorláks Kolbeinssonar, jörðinni Eystri-Þurá í Ölfusi með áhöfn og öllum öðrum eigum hans, hafði verið komið í verð, var fjárhagur félagsins orðinn það rúmur að grundvöllur hafði myndast fyrir kaupum á húsnæði fyrir félagsheimili. Að undangenginni vandlegri skoðun á fyrirliggjandi kostum var ákveðið að festa kaup á hluta efri hæðar í nýbyggingu að Breiðumörk 25b.

Kaupsamningur var samþykktur á félagsfundi 17. ágúst árið 2000, með 53 atkvæðum gegn 5. Afsal var gefið út 1. október 2002, en eignin hafði verið afhent kaupanda 6. nóvember 2001.

Flatarmál eignarhluta FEBH var reiknað 189 fermetrar í séreign og 44,35 ferm. í sameign, eða 224,35 fermetrar alls.

Á almennum félagsfundi 13. janúar 2002 var samþykkt með 27 atkvæðum að gefa félagsheimilinu nafnið **Þorlákssetur**. Önnur heiti sem til greina komu: Þorláksstofa 25 atkv., Vinaminni 16, Þorlákshúsið 8 og Uppsafir 1 atkvæði.



Kaupverð var tæpar 22,5 milljónir, og var fjármagnað þannig að 12,5 milljónir fengust fyrir sölu Eystri-Þurár, 8 milljónir voru styrkur frá Hveragerðisbæ og 2 milljónir komu úr Framkvæmdasjóði aldraðra.

Árið 2004 var til sölu í húsinu skrifstofurými næst Þorlákssetri, um 34 fermetrar. Eftir umræður og tilboð fram og aftur var samþykkt á aðalfundi félagsins 24. febrúar 2005 að kaupa þessa viðbót á 3 milljónir króna.

Framkvæmdasjóður aldraðra greiddi 1,32 m. kr. upp í þessi kaup. Að öðru leyti voru þau fjármögnuð af eigin fé.

## Breiðamörk 25b.

Arkitektar: Arkþing.

Seljandi: Byggðasel ehf.

Þrátt fyrir ýmsa byrjunarörðugleika, smíða- og hönnunargalla og jafnvel ólokin frágangsværk, hefur Þorlákssetur reynst félagsstarfinu mikil lyftistöng. Má segja að húsið sé í fullri notkun alla virka daga nema yfir sumarið en þá er lítið um að vera annað en sýningarnar á Blómstrandi dögum. Salirnir rúma um 70 manns í sæti með góðu móti. Nægir það fyrir allar samkomur nema þær allra stærstu.



Fyrsti stjórnarfundurinn í nýju húsnæði var haldinn 22. nóvember 2001. Hann sátu Gréta Jónsdóttir, Steina Aðalsteinsdóttir, Erla Ragnarsdóttir, Auður Guðbrandsdóttir, Ólafur Steinsson, Kristín Jóhannesdóttir, Sunna Guðmundsdóttir og Ásgerður Sigbjörnsdóttir.

Á myndina vantar Gunnar Kristófersson, sem hefur trúlega tekið myndina.

Þorlákssetur var vígt með viðhöfn laugardaginn 1. desember 2001. Séra Jón Ragnarsson sóknarprestur vígði húsið. Formaður, Auður Guðbrandsdóttir, minntist Þorláks Kolbeinssonar og hans höfðinglegu gjafar. Ávörp fluttu Aldís Hafsteinsdóttir, Hálfán Kristjánsson, Bryndís Sigurðardóttir, Árni Gunnarsson, og séra Tómas Guðmundsson. Gyða Halldórsdóttir lék undir almennum söng.

Margar kærkomnar gjafir bárust félaginu af þessu tilefni, gagnlegir jafnt sem fallegir munir, neysluvarningur, peningar, blóm og fleira.



Myndin hér fyrir ofan: Frá vígslu hússins. Hálfán Kristjánsson bæjarstjóri, Auður Guðbrandsdóttir formaður, Bragi Einarsson í Eden og Erla Ragnarsdóttir ritari.

Myndin til vinstri: Frá vígslu hússins. Fremst eru Unnur Benediktsdóttir og séra Tómas Guðmundsson